

Sp.

## 1000. Nefndarálit

[111. mál]

um till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl. Undirritaðir nefndarmenn eru andvígir þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál. Á fjörutíu ára tímabili, eða frá stofnun lýðveldisins, hefur aldrei farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Það er hæpin afmælisgjöf að efna til þess að þjóðin skiptist í tvær stríðandi fylkingar. Vitað er að hver sem niðurstaðan yrði af slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu teldi sá aðili sem tapaði að ekki bæri að fara eftir niðurstöðunni. Vísast í því sambandi til ræðu Jóns Magnússonar, varabingmanns og formanns Neytendasamtakanna, þar sem hann segir í þingræðu, er hann mælti fyrir frv. til l. um breyt. á áfengislögum þess efnis að Alþingi heimili framleiðslu og sölu á áfengu öli á innlendum markaði:

„Jafnvel þó að meiri hluti fólks væri ekki fylgjandi sölu á bjór tel ég samt að leyfa ætti sölu hans. Ég byggi það á því að þegar um er að ræða leyfðan vímugjafa, þá eigi meiri hlutinn ekki að geta ráðið því hvort aðrir vilja hafa eitthvert annað form en hið viðtekna á þessari neyslu. Þetta er spurning um neyslumunstur almennings og ég álit að varðandi það atriði eigi meiri hlutinn ekki endilega að geta sagt minni hlutanum fyrir verkum. Ég lít á þetta sem spurningu um réttindi einstaklingsins og virðingu meiri hlutans fyrir skoðunum og vilja minni hlutans sem er grundvallarundirstaða lýðræðisviðhorfa. Af því sem hér er rakið tel ég því skynsamlegt að Alþingi móti nú þegar stefnu í bjórmálinu.“

A öðrum stað í sömu ræðu viku Jón að skyldum þingmanna og vandkvæðunum á því að bera undir þjóðaratkvæði allar breytingar á áfengislöggjöfinni. Hann segir:

„Nú liggur fyrir Sp. till. til þál., 111. mál, þskj. 138, um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl. Án þess að ég vilji leggja flm. þeirrar till. orð í munn hygg ég að viðhorf þeirra séu að þoka málinu áfram þannig að út af fyrir sig ætti ekki að vera ágreiningur á milli okkar, sem flytjum þetta frv. og flm. þáttill. Hér er ekki verið að neita þjóðaratkvgr., en á það bent, að Alþingi á ekki að skjóta sér undan því að ráða fram úr málum með því að láta fara fram þjóðaratkvgr. um þau mál sem eru einhver feimnismál eða ef þm. óttast að einhver hluti kjósenda þeirra felli sig illa við afstöðu þeirra. Ef öll ákvæði um framkvæmd áfengismála ættu að vera samkvæmt þjóðaratkvgr. gæti orðið tafsamt með úrbætur sem reynslan sýndi að þyrfti að gera.

Í þessu sambandi bendi ég á ummæli úr kafla úr áramótabréfi áfengisvarnaráðs til áfengisvarnanefnda. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hitt er svo annað mál að við kjósum alþm. til að setja okkur lög, m. a. áfengislög, og þeim ber að axla þá ábyrgð sem þjóðin ætlast til að þeir beri en skjóta sér ekki bak við almenning í máli sem varðar heill og hamingju yngstu kynslóðarinnar og raunar allrar þjóðarinnar.““

Hér kemur það fram að bæði þeir, sem vilja áfengt öl og þeir sem eru andvígir tilslökunum, ætlast til þess hugrekkis af þingmönnum að þeir taki beina efnislega afstöðu til mála á Alþingi. Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu eru alþingismenn að víkja sér undan þeirri ábyrgð og þeim skyldum að taka beina afstöðu til hvort heimila eigi almenna frjálsa neyslu á áfengu öli.

Undirritaðir nefndarmenn eru reiðubúnir til að taka efnislega afstöðu í þessu máli, enda liggur fyrir þinginu frv. til laga um þetta málefni.

Með vísan til framanritaðs, leggja eftirtaldir nefndarmenn til að tillagan verði felld.

Porsteinn Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 1984.

Ólafur P. Þórðarson,  
form.

Guðmundur H. Garðarsson,  
frsm.

Eggert Haukdal.